



FRÉTTATILKYNNING NR. 29

Dagsetning: 18. nóvember

Heilbrigð sál í hraustum líkama

Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra, kynnti í dag heilsustefnu sína á fundi þar sem voru saman komnir flestir þeir sem taka þátt í að hrinda stefnunni í framkvæmd.

Heilbrigðisráðherra sagði þegar hann kynnti heilsustefnuna að hún væri liður í því að geta veitt heilbrigðisþjónustu á heimsmælikvarða. Snar þáttur í því væri að leggja stóru áherslu á forvarnir á öllum sviðum og stuðla að heilbrigðari lífsháttum einstaklinganna. Sagði ráðherra það brýnt að skapa þjóðfélag þar sem fólk ætti þess auðveldlega kost að taka heilsusamlegar ákvarðanir, einkum með geðrækt, næringu og hreyfingu í huga.

Samfara kynningunni sem var á heilsustefnunni í dag skuldbundu fjölmargir aðilar sig, með undirritun sérstakrar yfirlýsingar, að taka virkan þátt í að hrinda stefnunni í framkvæmd. Yfirlýsingin er svo hljóðandi: *Markmið heilsustefnunnar er að skapa samfélagslegar forsendur sem stuðla að bættri heilsu allra landsmanna. Öflugt samfélag byggir á góðu heilsufari og góðri líðan landsmanna. Því er afar brýnt að um heilsustefnuna sé breið samstaða og hún höfði til sem flestra, einstaklinga og hópa og hvetji þá til virkni. Þannig mun heilsustefnan hafa áhrif til eflingar samfélagsins í heild. Við undirrituð styðjum Heilsustefnuna, þá aðgerðaráætlun sem lögð er fram til kynningar, og viljum leggja okkar af mörkum til að stuðla að heilbrigðari lífsháttum landsmanna.*

Félagssamtök, sveitarfélög, áhugahópar og fleiri rituðu undir yfirlýsinguna á fundinum í dag. Það hefur enda verið lögð á það rík áhersla við undirbúning og útfærslu heilsustefnunnar, að stefna saman fjölmörgum aðilum til að ná breiðri samstöðu um markmið og leiðir.

Heilbrigðisráðherra lagði áherslu á mikilvægt framlag þriðja geirans til almannaheilla í þessu sambandi. Hann sagði þriðja geirann samanstanda af ýmsum frjálsum félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum, sem tilheyrðu hvorki einkageiranum, þar sem fyrirtæki eru rekin með hagnað að leiðarljósi, né opinberum rekstri. Innan þriðja geirans störfuðu fjölmörg samtök og félög sem sinntu afar mikilvægum verkefnum á sviði lýðheilsu- og heilbrigðismála. Markmið margra þeirra er að efla forvarnir eða að draga úr vanda einstaklinga vegna tímabundins eða varanlegs sjúkleika eða fötlunar. Sagði heilbrigðisráðherra að afar mikilvægt væri að sameina alla þá sem sinna forvörnum til að hrind í framkvæmd virkri heilsustefnu. - *Góð heilsa er mikilvæg undirstaða lífsgæða. Með samstilltu átaki getum við ekki aðeins bætt heilsufar þjóðarinnar heldur einnig orðið öðrum þjóðum fyrirmynd, sagði heilbrigðisráðherra þegar hann kynnti stefnuna.*

Sjá nánar: Heilsustefna heilbrigðisráðherra á vef heilbrigðisráðuneytisins

www.heilbrigdisraduneyti.is

HEIMILISFANG HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ Vegmúla 3, IS-150 Sími 545 8700	UPPLÝSINGAFULLTRÚI HELGI MÁR ARTHURSSON Sími 545 8707 GSM 863 9947	VEFFANG RÁÐUNEYTIS www.heilbrigdisraduneyti.is PÓSTFANG RÁÐUNEYTIS postur@hbr.stjr.is
--	--	---